

Vinsamlega svarið þeim spurningum eiga við um ykkar nefnd.

## Ársskýrsla Tækninefndar karla (TK)

### 1. Svör frá hvaða nefnd:

- Tækninefnd karla (TK)

### 2. Hver er í nefndinni, fullt nafn og hlutverk hvers og eins:

- **Sigurður Hrafn Pétursson**, Formaður og alþjóðlegur dómari.
- **Daði Snær Pálsson**, Varaformaður og alþjóðlegur dómari.
- **Hróbjartur Pálmar Hilmarsson**, Meðlimur, alþjóðlegur dómari og landsliðsþjálfari unglinga.
  - *Tilnefndur sem fulltrúi TK í fræðslunefnd FSÍ.*
- **Valdimar Matthíasson**, Nýr meðlimur og alþjóðlegur dómari.
- **Starfsmaður nefndarinnar:** Þórey Kristinsdóttir.

### 3. Hlutverk nefndarinnar í stuttu máli:

- Tækninefnd mótastefnu FSÍ í áhaldafimleikum karla og leggur grunn að jákvæðri ímynd greinarinnar.
- Nefndin ber ábyrgð á menntun dómara, endurskoðun Íslenska fimleikastigans og niðurröðun dómara á mót.
- Hún starfar náið með skrifstofu FSÍ við skipulag móta og tæknilega útfærslu regluverks.

### 4. Helstu verkefni á árinu:

- **Alþjóðleg dómaramenntun og nýliðun:**
  - Fjöldi alþjóðlegra dómara var aukinn og 11 dómamarar tilnefndir í alþjóðlegt próf í október 2025.
  - Innlent D- og E-dómaranámskeið var haldið í mars 2025
  - Innlent E-dómaranámskeið var haldið í sept/okt 2025 til að tryggja nýliðun.
- **Uppfærsla á kröfum móta:**
  - Skjalið „Kröfur móta TK 2025-2026“ var endurskoðað, ártöl fjarlægð til einföldunar og aldursflokkum breytt til að mæta óskum um verðlaunaafhendingar í fámennum flokkum.
- **Stefnumótun dómaraferils:**
  - Útbúinn var skýr ferill og umsóknarferli fyrir dómara sem stefna á alþjóðleg réttindi, þar sem tekið er mið af virkni og reynslu.
- **Gerð kennslumyndbanda fyrir Íslenska fimleikastigann:**
  - Vinna hófst við undirbúning á framleiðslu myndbanda fyrir þæpin til að samræma túlkun og auðvelda þjálfurum og dómurum starfið. Valdimar Matthíasson leiðir verkefnið.

### 5. Hverjir eru landsliðsþjálfarar:

- **Róbert Kristmannsson**, A-landslið karla.
- **Hróbjartur Pálmar Hilmarsson**, landsliðsþjálfari unglinga.
- **Alek Mohammad Ramezpour**, Youth program (fram tíðarhópar).

### 6. Uppfærðar keppnisreglur, kröfur móta og undanþágur:

- **Code of Points:** Nýjasta útgáfa Alþjóðafimleikasambandsins (FIG) tók gildi (uppfært 25. apríl 2025).
  - Gefin hafa verið út 3 Newsletter til viðauka



- **Íslenski fimleikastiginn:** Ný útgáfa gefin út í janúar 2025 á heimasíðunni <https://islenskifimleikastiginn.is>
- **Mótakröfur:** Staðfesting á nýju skjali um kröfur móta fyrir tímabilið 2025-2026.

## 7. Hafa orðið breytingar á greininni á árinu:

- Alþjóðlegar reglubreytingar (CoP) fækkuðu æfingum í seríu úr 10 í 8.
- Sérkrafa fyrir afstökk fékk aukið vægi á boga, hringjum, tvíslá og svifrá, en því var svo breytt í Newsletter 3
- Upphitunartími á öllum áhöldum var samræmdur í 50 sekúndur.
- Innanlands var 1. þrep breytt úr frjálsum æfingum yfir í fastmótað þrep með valmöguleikum og munurinn á milli neðri þrepa jafnaður út til að brúa betur bilið á milli þrepa.

## 8. Innland mót/sýningar:

- Engar stórvægilegar breytingar á mótafyrirkomulagi, en tekið var tillit til keppenda sem fóru á Norður Evrópumót með því að setja þá saman í keppnishóp á Haustmóti.

## 9. Erlend mót árið 2025 (Dagsetningar og dómara):

- **Apparatus World Cup, Osijek (CRO)**, 8.-13. apríl: Sigurður Hrafn Pétursson.
- **EM, Leipzig (GER)**, 26. maí - 1. júní: Björn Magnús Tómasson og Daði Snær Pálsson.
- **Smáþjóðaleikar, Andorra**, 26.-31. maí: Sigurður Hrafn Pétursson.
- **NM Junior og Youth, Aalborg (DEN)**, 4.-6. júlí: Björn Magnús Tómasson, Þorsteinn Hálfánarson og Davíð Ingason.
- **EYOF, Skopje (MKD)**, 20.-26. júlí: Björn Magnús Tómasson.
- **World Challenge Cup, París (FRA)**, 13.-14. sept: Guðmundur Þór Brynjólfsson.
- **NEM, Leicester (ENG)**, 24.-26. okt: Björn Magnús Tómasson og Sigurður Hrafn Pétursson.
- **HM, Jakarta (INA)**, 19.-25. okt: Daði Snær Pálsson.
  - *Sögulegur árangur náðist á HM þar sem Dagur Kári varð fyrstur Íslendinga til að keppa í úrslit í fjölþraut.*

## 10. Námskeið/fræðsludagar/fundir:

- **Alþjóðlegt dómara námskeið:** Búdapest (janúar 2025).
- **Innland dómara námskeið:** Haldin í mars (D- og E-dómara) og sept/okt 2025 (E-dómara).
- **Dómarakvöld:** Haldin reglulega haustið 2025 til að undirbúa dómara fyrir alþjóðleg próf.
- **Alþjóðlegt dómara námskeið á netinu:** (október 2025)
- **Þjálfara námskeið:** Ben Howels hélt tækninámskeið fyrir þjálfara á Íslandi 8.-11. janúar 2026.

## 11. Hvað er framundan:

- **Keppnistímabil 2026:** Innland og erlend mót samkvæmt dagatali.
- **Dómarakvöld fyrir Alþjóðlega dómara:** Áætlað í febrúar 2026 til að kynna alþjóðlega mótaplanið.
- **Stórmót 2026:** Niðurröðun dómara liggur fyrir á mót í Cottbus, Osijek, Koper, EM í Zagreb og HM í Rotterdam.

---

Úrdráttur fyrir skýrslu stjórnar (150 orð):



# Fimleikasamband Íslands

Starfsemi tækninefndar karla á árinu einkenndist af öflugri menntun dómara og sögulegum árangri á alþjóðavettvangi. Nefndin hefur fundað sex sinnum á tímabilinu og hefur það blásið nýju lífi í starfið að fá Valdimar Matthíasson nýjan inn í nefndina þetta árið. Markviss vinna við nýliðun skilaði 11 dómurum í alþjóðlegt próf og auknum fjölda landsdómara. Árangur ársins náði hápunkti þegar Dagur Kári varð fyrstur Íslendinga til að tryggja sér sæti í úrslitum í fjölþraut á heimsmeistaramóti í Jakarta. Nefndin hélt áfram þróun Íslenska fimleikastigans og stefnir á gerð kennslumyndbanda fyrir þrepin til að samræma og auðvelda starf þjálfara og dómara. Innanlands voru kröfur móta uppfærðar. Framundan er þétt skipað mótatímabil þar sem áhersla verður áfram á gæði dómgæslu og stuðning við landsliðshópa í undirbúningi fyrir stórmót ársins 2026.